



Uppfært fundarboð, endanleg dagskrá og tillögur

Vísað er til fyrra fundarboðs sem birt var í Kauphöll þann 4. ágúst sl., þar sem stjórn Sýnar boðaði til hluthafafundar sem haldinn verður miðvikudaginn 31. ágúst 2022 klukkan 10.00 árdegis í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108, Reykjavík.

Til fundarins er boðað að kröfu Gavia Invest ehf. Ekki bárust frekari dagskrártillögur innan tilskilins frests. Endanleg dagskrá fundarins er því svohljóðandi og þarfnast tillögurnar ekki skýringa:

Dagskrá fundarins

1. Tillaga Gavia Invest ehf. um að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar félagsins.
2. Með fyrirvara um að tillaga undir tölulið 1. hér að framan verði samþykkt, fer fram stjórnarkjör.
3. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn er að finna á vefsíðu félagsins <https://syn.is/fjarfestatengsl/hluthafafundur>. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@syn.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 föstudaginn 26. ágúst 2022.

Á þessu stigi liggur fyrir að sjö frambjóðendur sækjast eftir fimm stjórnarsætum í aðalstjórn félagsins, sbr. nánari umfjöllun í skýrslu tilnefningarnefndar sem finna má á vefsíðu fundarins <https://syn.is/fjarfestatengsl/hluthafafundur>. Er það mat nefndarinnar að allir sjö frambjóðendur eru hæfir til stjórnarstarfa. Tillaga Tilnefningarnefndar takmarkar ekki frekari framboð til stjórnar. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir hluthafafund, eða fyrir kl. 10.00 árdegis föstudaginn 26. ágúst 2022. Framboðum skal skila á skrifstofu Sýnar hf., Suðurlandsbraut 8, Reykjavík, eða á netfangið hluthafar@syn.is. Allt er þetta gert með fyrirvara um að raunverulegt stjórnarkjör fari fram á fundinum. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör ef beiðnin berst a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fundinn, ef þeir hafa til þess afl samkvæmt samþykktum.

Hlutaskrá frá lokum dags þriðjudaginn 30. ágúst 2022 gildir á fundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.





Því er beint til þeirra hluthafa sem hyggjast framvísa umboðum til að fara með atkvæði skv. framvirkum samningum að gera slíkt tímanlega og ekki síðar en í lok dags þriðjudaginn 30. ágúst 2022 á netfangið hluthafar@syn.is

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 9.30 á fundardegi.

Stjórn Sýnar hf.



Sýn hf. • Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Kt. 4709051740 • syn.is